

Rannsóknir á seiðabúskap Ormarsár og Deildarár 2009

Salmon in Ormarsá and Deildará 2009

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Kroshömrur 7A,
112 Reykjavík

Símar: 587 9779, 892 7864
jonkr@mmedia.is

Reykavík March 2010

Inngangur

Seiði voru rafveidd í Ormarsá og Deildará dagana 15-18. ágúst 2009. Rafveiðiskilyrði voru slæm, mjög mikið vatn og þungur straumur. Áin frekar köld eftir slæma tíð


Test fishing took place 15-18. August. Water was high, the river was cold and fishing condition were bad.

Niðurstöður úr Ormarsá

Niðurstöður eru sýndar í töflu 1. Ekki var farið á efsta svæðið, upp við Arnarstaðavatn, en bætt var við veiðistað neðan við nýju brúna. Seiðabúskapur Ormarsár var í meðallagi víðast hvar. Óvenju mikið fannst af vorgömlun seiðum á neðstu stöðinni, neðan við brúna.

Almennt má segja að seiðabúskapur árinna sé í góðu lagi, svipað og verið hefur undanfarin ár. Mjög mikið var af laxi í ánni sumarið 2009 en veiðin í litlu samræmi við það eða 237 laxar. Seiðaframleiðslan hefur verið mjög góð undanfarin ár, svo skýra verður þessa miklu laxagengd með bættum skilyrðum í sjó.

Parr situation was normal - low, except for the lowest station, where density of 0+ was all time high (table 1).



Mynd 1. Lengdardreifing veiddra seiða í Ormarsá 2009. *Length distribution of all salmon parr caught in Ormarsá 2009.*

Ormarsá:	15-18. ágúst 2009		Aldur, age								
Stöð Site no.	Staður Place	Fatarmál Areal	0+		1+		2+		3+		Fj/100 m² No/100m²
		m²	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	Nýja brú	30	5	4.5							17
2	Bláskriða	100	3	3.8	7	6.5	6	9.2	1	11.7	17
3	Veiðist 14	60	7	4.0							12
4	N Foss	60			6	6.4					10
5	Veiðist 4	60	1	3.7	2	6.1	4	8.9	2	11.2	15
6	Brú	60	14	3.7	2	5.9					27
Sum:		370	30		17		10		3		16

Tafla 1. Niðurstöður rafveiða í Ormarsá 15. og 18. ágúst 2009.

Result of the electrofishing in Ormarsá 2009.

Neðan við nýju brú

Þarna var mikið vatn og aðdjúpt, einungis var hægt að veiða meðfram bakkanum. Veitt var 30 fermetra svæði og fundust nokkur árgömul seiði.

High water, swift current and only possible to fish close to the bank. Several 1+ parr were found.

Neðan Bláskriðu

Nokkuð mikið af seiðum af öllum stærðum, meira en oft áður.

Parr of all sizes in reasonable numbers.

Veiðistaður 14

Lítið af seiðum, mun minna en veiðst hefur áður á þessum stað.
Only 0+ parr which is most unusual.

Neðan við Foss

Lítið af seiðum, eingöngu eins árs, en þarna hafa nær alltaf fundist seiði frá klaki vorsins.
Vart var við stærri seiði sem ekki náðust vegna mikils straums.
Low density, only 1+. Big parr observed, not captured due to high current.

Veiðistaður 4

Fremur lítið af seiðum einkum smáum. Nær óveiðanlegt á dýpra vatni vegna mikils straums.
Few parr, mostly big. Difficult to fish in deep water due to high current.

Brú

Á þessari neðstu stöð var mjög mikið af vorgömlum seiðum, frá klaki ársins, mun meira en áður hefur fundist á þessum stað.
More 0+ than ever found on this site.

Niðurstöður úr Deildará

Veitt var í Deildará ofan við gömlu brúna. Lítið fannst af seiðum og voru þau öll tveggja ára gömul, alls nú seiði 8.4-10.1 cm að lengd. Meðallengdin var 9.4 cm. Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af fáum seiðum á þessum stað.

Ekki var farið í efri Deildará. Í öllum rannsóknum í þverám ofan Deildarvatns hafa fundist laxaseiði í eðlilegu magni. Ekki er að sjá að grindin hafi nokkurn tíma hindrað eðlilega hrygningu laxa á svæðinu, enda er hún tekin upp síðari hluta september ár hvert, áður en laxinn fera að hrygna.

Ég tel ekki nauðsyn á árlegum rannsóknum á tilvist laxaseiða í þverám ofan Deildarvatns, og óþarft að setja það sem skilyrði fyrir notkun ristarinnar.

*Rather few parr were found above the old bridge. They were all 2+, 8.4-10.1 cm long. It was not fished in Upper Deildará. Previous investigations have always shown good population of salmon parr and **it is not necessary to sample the river every year.** It is my opinion that the fence in Deildará does not affect Salmon spawning in the tributaries to the lake.*